

Nd.

416. Frumvarp

til laga um verslun með smjörliki og likar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Smjör þýðir í lögum þessum feitmeti, sem eingöngu er framleitt úr mjólk, þannig, að strokkaður er litaður eða ólitaður rjómi eða mjólk og afurðin hnoðuð söltuð eða ósöltuð.

Smjörliki telst allt það feitmeti, sem likist smjöri, er búið til á líkan hátt og það og í er einhver feiti, sem ekki á rót sína að rekja til mjólkur.

Rjómalíki kallast feitjafningur, sem likist rjóma, en er ekki eingöngu gerður úr mjólkurefnum.

Mjólkurliki kallast vökvi, sem að útliti og efnasamsetningu likist mjólk, en hefir að geyma feiti, sem ekki er mjólkurfeiti.

Ostaliiki kallast ostur, sem í er önnur feiti en mjólkurfeiti.

2. gr.

Hver sá, sem framleiða vill smjörliki, rjómalíki, mjólkurliki eða ostaliiki, skal tilkynna það skriflega hlutaðeigandi lögreglustjóra, sem lætur birta tilkynninguna í Lögbirtingablaðinu á kostnað framleiðanda. Framleiðandi skal hafa framleiðslubók, sem skráð eru í efni þau, sem notuð eru, og skal það gert eftir reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið setur. Lögreglustjóra skal heimilaður aðgangur að framleiðslubókunum.

3. gr.

Á umbúðum alls innlands smjörlikis skal standa með greinilegu og óafmáanlegu letri orðið **SMJÖRLÍKI** ásamt nafni verksmiðjunnar. Um innflutt smjörliki gilda sömu ákvæði, með þeirri undantekningu, að fyrir orðið **SMJÖRLÍKI** má standa **MARGARINE**, en á umbúðum standi ávalt með greinilegu letri **ÚTLENT**. Þessi ákvæði gilda einnig þegar smjörliki er selt í lausri vigt í sölubúðum. Sje smjörliki selt mótað, skal þungi skökunnar vera $\frac{1}{4}$, $\frac{1}{2}$ eða $\frac{1}{1}$ kg., og sje það skráð á umbúðirnar.

4. gr.

Bannað er sem verslunarvara smjör, sem blandað er smjörliki eða fituefnum, sem notuð eru til smjörlikisgerðar. Leyft er, að í smjörliki sje allt að 5% smjörfeiti.

5. gr.

Bannað er að framleiða smjörliki þar, sem smjörgerð er höfð um hönd, og eigi má nota sömu tæki til skiftis við framleiðsluna.

6. gr.

Í öllu smjörliki, hvort heldur það er framleitt hjer eða flutt hingað frá útlöndum, skal að minsta kosti 10% feitinnar vera sesamolía. Sömu ákvæði gilda um rjómaliki og mjólkurliki. Í ostaliki skal 5% feitinnar vera sesamolía.

7. gr.

Ostaliki, rjómaliki og mjólkurliki má ekki selja hjer á landi nema á umbúðunum standi með greinilegu lettri orðin: OSTALÍKI, RJÓMALÍKI eða MJÓLKURLÍKI, eftir því sem við á, ásamt nafni verksmiðjunnar.

8. gr.

Bannað er að versla með smjörliki, sem litað er með anilinlit eða blandað er nokkrum þeim efnum, sem skaðleg geta talist.

9. gr.

Í smjörliki má ekki vera meira vatn en 16%.

10. gr.

Verksmiðjur þær, sem búa til smjörliki, skulu standa undir opinberu eftirliti. Nánari ákvæði um það setur atvinnumálaráðuneytið.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 100—1000 krónum, nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum.

12. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, nema um brot sje að ræða gegn hinum almennu hegningarlögum frá 25. júní 1869.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 3 mánuðum eftir að þau hafa verið staðfest.